

**Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar**

B.t. Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi

Dags; 8.mái 2018

**Varðar; Reykjavíkurvegur 50 – notkun lóðar**

Samanber meðfylgjandi gögnum er óskað eftir afstöðu **Skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðar** á ósk lóðarhafa um að koma fyrir starfsemi grunnskóla á jarðhæð húsnæðisins fyrir 8, 9, og 10 bekk grunnskóla.

Grunnskólinn **NÚ** mun vera með starfsemi í húsnæðinu, núverandi staðsetning skólans er að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði. Skólinn er ætlaður efstu bekkjum grunnskólans og mun leggja áherslu á að veita unglingum tækifæri til að samþætta íþróttáhuga og grunnskólanám, segir m.a. í starfslýsingu um skólann.

Áætlað er að allt að 75 nemendur verði við skólann. Kennsla mun fara fram á milli 08.00 og 15.30 virka daga. Áætluð stærð húsnæðis fyrir skólann er um

Samanber áform skipulagsyfirvalda í Hafnarfirði þá hefur verið unnið að rammaskipulagi fyrir svæðið sem m.a. gerir ráð fyrir töluverðri aukningu íbúða. Því má ætla að efling núverandi starfsemi skólans **NÚ** eigi vel við m.t.t. framtíðar uppbyggingar á svæðinu.

Meðfylgjandi greinagerð þessari er gildandi afstöðumynd og skissa af fyrirkomulagi huta jarðhæðar sem ætlað er að hýsa skólann. Engar breytingar verða gerðar utandyra sem áhrif hafa á útlit hússins.

Komi til byggingaleyfisumsóknar verður farið eftir ákvæðum laga um mannvirki, byggingareglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Virðingafyllst, f.h. lóðarhafa

---

G.Oddur Viðisson arkitekt FAÍ